

Sól og sumar á Norðurlandi ***-myndin er af sumarhúsasvæði félagsins*** ***á Illugastöðum í Fnjóskadal***



Munið aðalfund Félags iðn- og tæknigreina

sem haldinn verður laugardaginn 22. apríl 2006

í Akogeshúsinu Sóltúni 3, kl.10.00.

- Sjá auglýsingu á bls. 2 hér í blaðinu -

Félagið veitir ferðastyrk til þeirra félagsmanna sem búa í meira en 40 km. fjarlægð frá fundarstað.

Fagmennska, ábyrgð, fyrirhyggja

Í þeirri spennu sem er á vinnu-markaðnum í dag og er í flestum greinum er þó nokkuð um að ófaglærðir bjóða fram vinnu sína. Iðngreinarnar eru löggiltar og því óheimilt að kynna sig eða selja út sem iðnaðarmann án réttinda í viðkomandi grein. Ábyrgð meistara er viðtæk og ótækt að þeir

séu að bjóða uppá ófagleg vinnubrögð með því að láta aðstoðarmenn annast störf iðnaðarmanna. Einstaklingar sem kaupa vinnu eiga hiklaust að gera kröfu um að sjá tryggingar, sveinsbréf og meistaraábyrgð. Einnig má benda á að á heimasíðu Neytendasamtakanna www.ns.is eru eyðiblöð sem heita

Samningur um þjónustukaup og ættu allir að gera slíkan samning áður en verk er hafið. Oft koma ófagleg vinnubrögð ekki fram fyrir en nokkuð er liðið á verk og erfitt getur verið að sækja bætur til þeirra sem ekki eru með tryggingar og ábyrgðir í lagi. FIT berst fyrir því að fagleg vinnubrögð séu í heiðri höfð.

Frjáls för launafólks

Eins og fram hefur komið í fréttum mun félagsmálaráðherra opna á frjálsa för launafólks sem kemur frá nýjustu aðildarríkjum Evrópusambandsins þann 1. maí n.k. Ljóst er að ekki náðist fram nema hluti þeirra krafna sem verkalýðshreyfingin setti fram og því líklegt að erfiðir tímar séu framundan. Mjög erfitt verður að hafa eftirlit með innflutningi á vinnuafli og sérstaklega bagalegt að verkkaupendum sé ekki gert skylt að ganga úr skugga um að

verktakar fari að íslenskum lögum og reglum á vinnumarkaði. Hætt er við mikilli óánægju og jafnvel árekstrum ef þrengir að á íslenskum vinnumarkaði og ljóst að erfitt verður að verja þau launakjör sem menn hafa náð umfram kjarasamninga.

Félag iðn- og tæknigreina lagði mikla áherslu á að ASÍ legðist gegn frumvarpinu ef ekki næðist að tryggja að áherslur verkalýðshreyfingarinnar næðu fram að ganga.



Golfmót Samiðnar verður haldið mánudaginn 5. júní (annar í hvítasunnu) á Leirunni við Keflavík. Skráning í síma 535 6000.

Aðalfundur Félags iðn- og tæknigreina verður haldinn 22. apríl 2006 í Akogeshúsinu Sóltúni 3, kl.10

Dagskrá:

1. Skýrsla félagsstjórnar um starf félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til umræðu og afgreiðslu.
3. Ákvarðanir teknar um ávöxtun sjóða félagsins.
4. Tillaga um félagsgjald fyrir næsta starfsár.
5. Lagabreytingar, tillaga stjórnar um breytingar á 1. 3. og 11. og 13. grein.
6. Tillaga að breytingu á 10. grein reglugerðar sjúkrasjóðs
7. Tillaga um breytingu á 4. grein reglugerðar vinnudeilusjóðs.
8. Tillaga um nýja reglugerð menntasjóðs.
9. Kjöri stjórnar, trúnaðarráðs og samninganefndar, kjörstjórnar, uppstillinganefndar og skoðunarmanna reikninga lýst.
10. Tillaga um fulltrúa á ársfundi Sameinaða lífeyrissjóðsins og ASÍ
11. Önnur mál.

Veitingar í boði félagsins að fundi loknum.

Stjórnin.

Félagið veitir ferðastyrk til þeirra félagsmanna sem búa í meira en 40 km. fjarlægð frá fundarstað.

Laga- og reglugerðarbreytingar

Í 26. grein laga Félags iðn- og tæknigreina er fjallað um laga-breytingar en þar segir:

„Lögum þessum má breyta á aðalfundi félagsins enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði“.

Einnig er heimilt að breyta lögum á félagsfundi, hafi lagabreytingar áður verið ræddar á félagsfundi og breytinganna getið í fundarboði.

Til þess að breyting teljist samþykkt skal hún hljóta samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða.

Tillögur um lagabreytingar frá einstökum félagsmönnum skulu hafa borist stjórn félagsins fyrir 1. janúar ár hvert.

Af þessari upptalningu er ljóst að ekki má leggja fram tillögur um breytingar á öðrum greinum en getið er um í fundarboði, þ.e. 1. - 3. og 11. og 13. grein og að félagsmönnum er óheimilt að leggja fram annað en breytingartillögur við tillögur stjórnar.

Efnisatriði þeirra breytinga sem stjórnin mun leggja fram á fundinum er breyting á orðalagi á félagssvæði félagsins og breytt skilgreining á aðild félagsmanna. Þá verður einnig lögð fram tillaga stjórnar um breytingu á félagsgjaldi sem meðal annars felur í sér lækkun frá því sem nú er.

Tillaga um breytingu á 10. grein reglugerðar sjúkrasjóðs felur í sér að bætur Tryggingastofnunar ríkisins komi ekki til frádráttar á dagpeningagreiðslum úr sjúkrasjóði.


Tillaga um breytingu á 4. grein reglugerðar vinnudeilusjóðs felur í sér lækkun á framlagi félagssjóðs, en vinnudeilusjóður er orðinn það öflugur að fjármagnstekjur hans eru taldar nægjanlegar til að efla hann í framtíðinni.

Tillögu um nýja reglugerð fyrir menntasjóð geta menn kynnt sér hér í blaðinu en hún er birt í heild sinni.

Stækkun á orlofshúsunum í Birkilundi

Ákveðið hefur verið að stækka orlofshús félagsins í Birkilundi 2 og 3 í Húsafelli. Stækkunin nemur rúmum 12 m² og mun auka rými í stofu og eldhúsi sem því nemur og verða húsin 51,4 m² að stækkun lokinni. Með stækkuninni gefst

líka kærkomið tækifæri til að bæta aðstöðuna í eldhúsinu, en settar verða upp nýjar innréttingar og komið fyrir uppþvottavélum. Þá verður sett nýtt gólfefni í bæði húsin. Vinna við breytingarnar hefst strax eftir páska og verður væntanlega lokið á mánuði.



Tillaga að Reglugerð fyrir Menntasjóð Félags iðn- og tæknigreina (FIT)

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menntasjóður FIT heimili hans og varnarþing er í Reykjavík

2. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja félagsmenn FIT til menntunar sem ekki er kjarasamningsbundin, lánshæf eða boðið uppá í stofnunum sem FIT greiðir endurmenntunargjöld til.

3. gr.

Tekjur sjóðsins er 25% af hagnaði félagssjóðs ár hvert. Vaxtatekjur og aðrar tekjur.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þeim mönnum sem kjörnir eru í stjórn FIT. Varamenn eru þeir sem kjörnir eru varamenn í stjórn FIT.

5. gr.

Stjórn sjóðsins setur sjóðnum úthlutunarreglur

6. gr.

Rétt til greiðslna úr sjóðnum eiga þeir sem hafa greitt til FIT í alla sjóði samkvæmt lögum þess í 1 ár eða meira.

7. gr.

Stjórnin ber ábyrgð á rekstri og ávöxtun eigna sjóðsins og skal farið með þær í samræmi við lög FIT. Árlega skal leggja fram á stjórnarfundum áætlun um heildarúthlutun hvers árs úr sjóðnum.

8. gr.

Sjóðurinn skal árlega greiða félagssjóði 10% af tekjum sjóðsins sem kostnað við rekstur.

9. gr.

Reikningar sjóðsins skulu árlega endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og yfirfarnir af skoðunarmönnum FIT og lagðir fyrir aðalfund FIT til samþykktar.

10. gr.

Reglugerð þessari verður ekki breytt nema í samræmi við lög FIT

11. gr.

Verði sjóðnum slitið skulu eignir hans renna til félagssjóðs FIT.



KOSTIR SÉREIGNARSPARNAÐAR SAMEINAÐA LÍFEYRISSJÓÐSINS ERU ÓTVÍRÆÐIR

Sameinaði lífeyrissjóðurinn er öflugur og óháður lífeyrissjóður sem býður upp á hagstæðan séreignarsparnað sniðinn að þörfum hvers og eins. Eftirfarandi tvær leiðir eru meðal annars í boði.

Aldursleið

Í aldersleið Sameinaða lífeyrissjóðsins er inneign ávöxtuð í verðbréfasafni sem tekur mið af aldri. Inneignin flyst sjálfkrafa á milli leiða eftir aldri einstaklingsins. Áhættudreifing er innbyggð og felst í því að hlutfall hlutabréfa lækkar eftir því sem sjóðfélaginn eldist en hlutfall skuldabréfa hækkar að sama skapi. Verðbréfasafn með háu hlutfalli hlutabréfa hentar vel fyrir unga sjóðfélaga því iðgjöld þeirra eiga eftir að ávaxtast í langan tíma.

Skuldabréfaleið

Sameinaði lífeyrissjóðurinn býður upp á skuldabréfaleið þar sem fjárfest er að fullu í innlendum, verðtrygðum skuldabréfum sem bera fasta vexti. Þessi leið hentar þeim vel sem vilja verðtryggja sparnaðinn og taka litla sem enga áhættu. Sveiflur í ávöxtun eru litlar í skuldabréfaleiðinni.

Reiknivélín á www.lifeyrir.is gerir öllum kleift að reikna séreignarsparnað út frá sínum forsendum.

Skráðu þig strax í Sameinaða lífeyrissjóðinn, það borgar sig!

Fáðu nánari upplýsingar á vefsíðu okkar, www.lifeyrir.is, eða í síma 510 5000.



Sameinaði
lífeyrissjóðurinn

